



Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs Hallgrímskirkju og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju 1982, Kirkjulistahátíðar 1987 og Alþjóðlegs orgelsumars 1993 og hefur hann verið listrænn stjórnandi þeirra frá upphafi. Einnig hefur hann stjórnað Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju (áður Den Haag) frá upphafi þegar hljómveitin kom fram á Jólatónlistarhátíð 2014, en hún er skipuð íslenskum og erlendum barokkhljóðfæraleikurum í fremstu röð og hefur komið fram bæði ein og í samleik með kórum Hallgrímskirkju í fjölda glæsilegra verkefna.

Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt flest helstu verk kórbókmenntanna bæði með og án undirleiks. Þá hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað á undanförunum árum. Hörður hefur ásamt kórum sínum tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum og -keppnum á alþjóðlegum vettvangi, og meðal annars unnið til verðlauna í Cork á Írlandi árið 1996, Noyon í Frakklandi 1998, Gorizia á Ítalíu árið 2002 og á Festival Cancó Mediterranea 2014, þar sem Mótettukórinn vann þrenn gullverðlaun og var valinn sigurvegari keppinnar sem besti kór keppinnar.

Hörður hefur haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu bæði sem kórstjóri og organisti, m.a. í Kölnardómkirkju, Notre Dame og St. Sulpice í París, dómkirkjunum í Frankfurt, Brüssel og Helsinki og Münster í Basel. Þá var Schola cantorum undir stjórn Harðar valinn til að koma fram í tónlistarhöllinni “Walt Disney Hall” í Los Angeles á hátíðinni Reykjavík Festival þar sem kórinn söng á 3 tónleikum ásamt Sigurrós og LA Philaharmonic.

Tónlistarflutningur Harðar hefur oftsinnis verið tekinn upp fyrir sjónvarp og útvarp og verið gefinn út á geislaplötum. Meditatio, nýjasta geislaplata Schola cantorum undir stjórn Harðar, sem kom út hjá sænska útgáfufyrirtækinu BIS árið 2016, hefur hlotið einróma lof virtra erlendra gagnrýnenda, en fyrir diskinn og tónleika sína á árinu 2016 hlutu kórinn og Hörður Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Kirkjulistahátíð undir listrænni stjórn Harðar var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna 2020 sem ein af þremur merkustu tónlistarhátíðum ársins 2019.

Hörður hefur hlotið mikið lof fyrir tónlistarflutning sinn og margsháttar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þ.á m. Íslensku tónlistarverðlaunin og Menningarverðlaun DV árið 2002, Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku þjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002.

Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985–1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands.

Hörður var tónlistarstjóri hátíðarhalda í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi árið 2000 og hann gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005–2011.